Minnisblað

UM tillögu að útfærslu á upplýsingagjöf ÚTL til stéttarfélaganna vegna útgefinna atvinnuleyfa (vegna fyrirhugaðs afnáms umsagnarréttar, 316. mál)

Málsnúmer ASÍ: M202601-0033

Til: Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis

Frá: Alþýðusambandi Íslands

Dags: 16. apríl 2026

Fyrir liggur frumvarp dómsmálaráðherra um breytingar á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Alþýðusamband Íslands (ASÍ) hefur þegar lagt fram umsögn um frumvarpið þar sem sambandið gerir meðal annars athugasemdir við að umsagnarréttur stéttarfélaga verði fjarlægður án þess að fullnægjandi fyrirkomulag um upplýsingagjöf til verkalýðshreyfingarinnar komi í staðinn.

Verði sú leið farin leggur ASÍ hér til breytingar sem ætlað er að tryggja að stéttarfélög geti með sem bestum hætti sinnt eftirliti með kjörum þess launafólks sem hingað kemur frá löndum utan EES, eftir að umsagnarréttur þeirra hefur verið felldur niður.

ASÍ leggur til að þeirri stofnun sem gefur út atvinnuleyfi verði skylt að senda stéttarfélögum mánaðarlega lista yfir útgefin atvinnuleyfi á félagssvæðum þeirra félaga sem á í hlut. Skilyrða mætti upplýsingagjöfina við útgefin leyfi í þeim atvinnugreinum sem lög nr. 42/2010 um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum[1] og samkomulag ASÍ og Samtaka atvinnulífsins[2] þar um tilgreina. Í samkomulagi ASÍ og SA eru tilgreindar þær atvinnugreinar, eftir atvinnugreinaflokkun ÍSAT2008, sem eftirlit samkvæmt lögunum á að ná til og er listanum ætlað að ná yfir atvinnugreinar þar sem hætta á kjarasamningsbrotum og misneytingu er meiri en í öðrum. Listinn hefur tekið breytingum nokkrum sinnum frá því að lögin voru sett 2010 og er ætlað að þróast með breytingum sem kunna að verða á vinnumarkaði.

Þær upplýsingar sem stéttarfélögin þurfa að fá um útgefin leyfi til að geta sinnt eftirliti sínu eru eftirfarandi:

- Nafn og kennitala launamanns
- Heiti og kennitala atvinnurekanda

[1] https://www.althingi.is/lagas/nuna/2010042.html
[2] https://skirteini.is/wp-content/uploads/2025/06/Vinnustadaeftirlit_vidbotarsamkomulag_2013-2024.pdf

- Starfsstöð launamanns
- Viðeigandi kjarasamningur

Lögð er til eftirfarandi breyting á því frumvarpi sem liggur fyrir:

Í 14. gr. frumvarpsins, lið b, í stað orðalagsins:

„Útlendingastofnun skal afhenda stéttarfélögum eða eftir atvikum samtökum aðila vinnumarkaðarins upplýsingar um veitt atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum óski þeir aðilar eftir því, enda séu þær upplýsingar nauðsynlegar í tengslum við eftirlit samkvæmt lögum um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum."

Komi

„Útlendingastofnun skal mánaðarlega afhenda viðeigandi stéttarfélögum upplýsingar um veitt atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum sem eru nauðsynlegar í tengslum við eftirlit samkvæmt lögum um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Sömu upplýsingar er heimilt að veita samtökum aðila vinnumarkaðarins óski þeir aðilar eftir því. Með nauðsynlegum upplýsingum er m.a. átt við kennitölu, nafn og starfsstöð launamanns auk kennitölu atvinnurekanda og heiti viðeigandi kjarasamnings sem um starfið gildir skv. ráðningarsamningi."

Forsendur tillögunnar

Í fyrirliggjandi frumvarpi er lagt til það fyrirkomulag að stéttarfélögum og heildarsamtökum verði, í tengslum við undirbúning, skipulagningu og framkvæmd eftirlits, heimilt að óska eftir nauðsynlegum upplýsingum um útgefin atvinnuleyfi. Nauðsynlegar upplýsingar eru í þessu samhengi skilgreindar sem tölulegar upplýsingar um fjölda útgefinna leyfa innan tiltekinnar starfsgreinar sem og tölulegar upplýsingar um ríkisfang þeirra sem fá útgefin leyfi. Að auki er tiltekið að stéttarfélögum verði í afmörkuðum tilvikum heimilt að afla persónugreinanlegra upplýsinga í beinum tengslum við eftirlit sem stéttarfélögin sinna.

ASÍ telur mikilvægt að stéttarfélögin fái sjálfkrafa upplýsingar um útgefin atvinnuleyfi á þeirra félagssvæði. Reynslan hefur sýnt að í sumum tilvikum fá félögin til sín ráðningarsamninga til umsagnar, leyfi er veitt af hálfu Vinnumálastofnunar, en kjarasamningsbundin iðgjöld berast aldrei til viðkomandi stéttarfélags. Í þeim tilfellum er yfirleitt um annað af tvennu að ræða; atvinnurekandi hefur, eftir að atvinnuleyfi er samþykkt, farið að greiða samkvæmt röngum kjarasamningi (sérhæfður matreiðslumaður í Eflingu, svo dæmi sé tekið). Einnig hefur komið fyrir að atvinnurekandi greiðir engin iðgjöld til stéttarfélags en launamaðurinn veit ekki af því.
Af þessu leiðir að stéttarfélögin geta ekki reitt sig á upplýsingaskrár sínar til að fá fullnægjandi og nauðsynlega yfirsýn yfir félagssvæði sín til þess að geta sinnt vinnustaðaeftirliti.

Virðingarfyllst,
f.h. Alþýðusambands Íslands



Saga Kjartansdóttir
Sérfræðingur í vinnumarkaðsmálum
sagak@asi.is / 5355600